



Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Skrifstofa skattamála
fjr@fjr.is

Reykjavík 16. október 2023

Umsögn Samtaka ferðapjónustunnar um áform um frumvarp til laga um kílómetragjald vegna notkunar bifreiða (gjaldtaka aksturs hreinorku- og tengiltvinnabifreiða).

Inná samráðsgátt stjórnvalda birtust áform um frumvarp til laga um kílómetragjald veganotkunar bifreiða (gjaldtaka aksturs hreinorku- og tengiltvinnabifreiða). Skrifstofa skattamála í fjármála- og efnahagsráðuneytinu hefur birt málið til umsagnar. Stjórnvöld fyrirhuga að leggja fram frumvarp þar sem lagt er til að tekið verði upp nýtt fyrirkomulag gjaldtöku í formi kílómetragjalds vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnabifreiða á vegakerfinu. Samtök ferðapjónustunnar hafa farið yfir áformaskjalið og hér eru athugasemdir samtakanna við fyrirhugaða lagasetningu.

Uppbygging vegakerfisins

Í áformunum er réttilega bent á að fjölgun vistvænna og sparneytinna bifreiða er að leiða til þess að skatttekjur ríkissjóðs af ökutækjum og eldsneyti hafa rýrnað umtalsvert og munu halda áfram að lækka á næstu árum verði ekkert að gert. Samhliða þeirri þróun hefur myndast vaxandi ójafnræði í núverandi gjaldtökukerfi milli þeirra sem nýta samgönguinnviðina. Á sama tíma er fyrir hendi viðvarandi þörf fyrir að byggja upp og viðhalda vegakerfinu. Því þarf að bregðast við með því að finna leiðir til þess að fá þann aðila sem nýtir vegakerfið til þess að greiða fyrir það.

Grunnhugsunin er að þeir sem nota vegakerfið eigi að greiða fyrir. Ferðapjónustan tekur undir það stef og eru í grunninn ekki á móti þessari tekjuöflun stjórnvalda til þess að einfalda kerfið og stuðla að jafnræði milli notenda. Samtökin taka einnig undir þau sjónarmið að þessi lagabreyting sé til þess fallin til að leysa málið til framtíðar og aðrar lausnir séu mögulega tímabundnir plástrar sem þjóna ekki nægilega þeim tilgangi að vera tekjuöflunarleið sem fjármagnar vegakerfið.

Í fyrirhuguðum áformum er ekki tekið tillit til þeirra ökutækja sem koma með Norrænu eða eru á erlendum númerum hér á landi. Það þarf að bæta úr því.

Ferðapjónustan selur þjónustu langt fram í tímann

Í boðuðum áformum er verið að leggja á auka skatt á notanda bifreiða. Í raun mun þessi skattur þó leggjast á eigendur og í tilfelli ökutækjaleiga mun hann leggjast á þær sem eigendur eða umráðamenn bifreiða. Ökutækjaleigur munu í náinni framtíð geta velt þessum skatti áfram á notanda bifreiðarinnar þannig að sá sem keyrir bílinn muni greiða ákveðið gjald miðað við það sem hann keyrir. Þá benda samtökin á mikilvægi þess að eiga samtál við ökutækjaleigur um innheimtufyrirkomulag sem hentar ökutækjaleigum best.

Samtökin verða hins vegar að benda á að ef fyrirhugaður skattur er lagður á bílaleigubíla um næstu áramót mun sá skattur allur lenda á ökutækjaleigum og það í mjög miklu mæli. Þó að sex krónur hljómi sem lág tala þá safnast hún saman í mörgum kílómetrum sem leigjendur vistvænna bíla keyra og ökutækjaleigur enda uppi með að greiða. Ökutækjaleigur munu þurfa að greiða þann kostnað því ferðapjónustan selur sína þjónustu að jafnaði með allt að 12 til 18 mánaða fyrirvara.

SAF ítreka mikilvægi þess fyrir ferðapjónustu, eins og aðrar atvinnugreinar, að búa við stöðugleika og fyrirsjáanleika. Ákvörðun um ferðalag er oft en ekki tekin með löngum fyrirvara og myndast þar með skuldbinding ákveðna þjónustu innlendra ferðapjónustufyrirtækja gegn umsömdu gjaldi. Athuga skal að slíkar skuldbindingar eru gerðar með 12 til 18 mánaða fyrirvara að jafnaði. Þetta á sérstaklega við í tilfelli ökutækjaleiga því ferðamenn panta fyrst flug og strax í kjölfarið bílaleigubílinn. Annað er oft pantað síðar. Allar ákvarðanir hins opinbera um auknar álögur á atvinnugreinina eða hækkun þeirra þurfa að taka tillit til þessa verklags, annars er ljóst að ökutækjaleigur munu sjálfar sitja uppi með allan kostnað slíkra aðgerða.



Taka bílaleigur út fyrir sviga

Ökutækjaleigurnar vilja benda á að í þessu tilviki verður að taka þær út fyrir mengið og gefa þeim svigrúm hvað varðar greiðslu boðaðs veggjalds á næsta ári. Ökutækjaleigur hafa enga möguleika á að láta viðskiptavini, sem hafa þegar gengið frá samningum greiða gjaldið. Að óbreyttu munu allar þessar greiðslur því lenda á ökutækjaleigunum sjálfum sem er hrein auka skattheimta.

Ef ekki er hægt að taka ökutækjaleigur út fyrir sviga þá þyrfti að finna leið fyrir hið opinbera til að innheimta notenda bifreiðarinnar en ekki eiganda hennar. Það myndi koma í veg fyrir að ökutækjaleigurnar væru að innheimta opinber gjöld á sínu eigin nafni. Þetta þyrfti að vera í nafni stjórnvalda.

Samtökin áskilja sér rétt að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllt

A handwritten signature in black ink that reads 'Jóhannes Þór Skúlason'.

Jóhannes Þór Skúlason
framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar